

Þjóðskrá
10 601

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Þjóðskrá

kt. 650373-0649

Borgartún 21, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hlutverk Þjóðskrár Íslands er að safna, varðveita og miðla gögnum um einstaklinga. Þjóðskrá ber ábyrgð á einni af grunnskrám Íslands, þjóðskrá. Upplýsingar úr þjóðskrá eru notaðar til að ákvarða um réttindi og skyldur einstaklinga sem hafa lögheimili á Íslandi og íslenskra ríkisborgara, til dæmis ákvörðun um skattskyldu, kosningarétt, rétt á íslensku vegabréfi og öðrum réttindum sem grundvallast meðal annars á lögheimili eða hjúskapastöðu. Stofnunin gefur út réttindaskilríki og vottorð ásamt kjörskrástofni og skráningu einstaklinga frá fæðingu til andláts.

Um mitt ár 2022 voru verkefni tengd skráningu og mati á fasteignum flutt frá Þjóðskrá og litar það allan samanburð á milli ára.

Þjóðskrá er til húsa í Borgartúni 21, Reykjavík

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 6 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 1.506,0 milljónir og afkoma kr. -46,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 25,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 378,3 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Þjóðskrár í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning þjóðskrár fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Hildur Ragnars
starfandi forstjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	847.100.000	991.400.000
Seld þjónusta	3	591.202.499	913.940.285
Framlög og ýmsar tekjur	4	22.931.364	24.181.980
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	44.758.371	43.594.776
Tekjur samtals		1.505.992.234	1.973.117.041
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	1.040.383.398	1.314.252.640
Annar rekstrarkostnaður	6	468.049.808	653.607.546
Afskriftir	7	44.758.371	43.594.776
Gjöld samtals		1.553.191.577	2.011.454.962
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(47.199.343)	(38.337.921)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	8	1.047.473	2.561.966
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	9	(36.681)	(217.408)
		1.010.792	2.344.558
Afkoma ársins		(46.188.551)	(35.993.363)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	10	1.760.133	3.680.264
Varanlegir rekstrarfjármunir:	11		
Áhöld, tæki og búnaður		107.768.730	135.461.031
Farartæki og vélar		1.636.798	5.212.110
Aðrar eignir		10.709	38.514
		<u>109.416.237</u>	<u>140.711.655</u>
Fastafjármunir samtals		<u>111.176.370</u>	<u>144.391.919</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	12	117.748.865	88.693.258
Viðskiptakröfur	13	(47.534.429)	54.426.222
Tengdir aðilar	14	184.853.090	240.298.576
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		2.130.773	2.094.155
Handbært fé	15	9.920.832	14.341.521
		<u>267.119.131</u>	<u>399.853.732</u>
Veltufjármunir samtals		<u>267.119.131</u>	<u>399.853.732</u>
Eignir samtals		<u>378.295.501</u>	<u>544.245.651</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	16		
Hrein eign		25.237.993	71.426.544
Bundið eigið fé		21.800.000	21.800.000
Eigið fé samtals		<u>47.037.993</u>	<u>93.226.544</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	14	17.871.886	33.472.466
Viðskiptaskuldir		77.212.078	137.502.329
Ýmsar skammtímaskuldir	17	69.716.803	128.345.004
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	18	166.456.741	151.699.308
Skuldir samtals		<u>331.257.508</u>	<u>451.019.107</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>378.295.501</u>	<u>544.245.651</u>
Aðrar upplýsingar	19		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(46.188.551)	(35.993.363)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	44.758.371	43.594.776
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(44.758.371)	(43.594.776)
		<u>(46.188.551)</u>	<u>(35.993.363)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		101.924.033	10.275.133
Tengdir aðilar		87.817.888	(234.552.115)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(118.918.452)	86.277.816
		<u>41.767.862</u>	<u>(117.709.244)</u>
		<u>(4.420.689)</u>	<u>(153.702.607)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	11	(19.927.018)	(43.763.999)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	128.000
		<u>(19.927.018)</u>	<u>(43.635.999)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		19.927.018	43.635.999
		<u>19.927.018</u>	<u>43.635.999</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(4.420.689)	(153.702.607)
		<u>14.341.521</u>	<u>168.044.128</u>
		<u>9.920.832</u>	<u>14.341.521</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrnum og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almenn er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrnum.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísending sé um virðisýrnum. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrnumartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samiburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samiburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	847.100.000	991.400.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	44.758.371	43.594.776
	<u>891.858.371</u>	<u>1.034.994.776</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	973.900.000	0	0	973.900.000
Fjárukalög	(126.800.000)	0	0	(126.800.000)
Fjárveiting til tekna	847.100.000	0	0	847.100.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(893.288.551)	0	0	(893.288.551)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(46.188.551)	0	0	(46.188.551)

	2022	2021
3 Seld þjónusta		
Sala á vöru og þjónustu	564.003.575	783.191.183
Sérfræðiþjónusta	0	5.537.000
Verksala	3.500	480
Ýmsar þjónustutekjur	27.195.424	125.211.622
	<u>591.202.499</u>	<u>913.940.285</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Kostnaðarhlutdeild	16.513.474	11.789.480
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	4.904.182	12.392.500
Ýmsar tekjur	142.572	0
	<u>22.931.364</u>	<u>24.181.980</u>

	2022	2021
5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	843.775.080	1.048.552.283
Orlof, breyting	(7.390.556)	10.798.433
Launatengd gjöld	192.427.339	235.254.426
Starfsmannakostnaður	11.571.535	19.647.498
	<u>1.040.383.398</u>	<u>1.314.252.640</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	83,8	106,3

Skýringar

	2022	2021
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.596.006	1.099.363
Byggingarvörur, almennar	550.560	11.190.697
Tæki og búnaður til innréttinga	57.483	23.643
Ýmis tæki og áhöld	3.755.701	8.643.600
Varahlutir og viðhaldsvörur	99.227	48.076
Orkugjafar	3.720.696	4.186.751
Matvæli	10.988.361	15.642.639
Almennar rekstrarvörur	2.352.516	7.775.567
Vörukaup, almenn	23.120.550	48.610.336
Ýmsar sérgreindar vörur	40.791.875	27.279.063
Vörukaup, sérgreind	40.791.875	27.279.063
Fundir, námskeið, risna	6.893.962	8.291.761
Ferðir, uppihald	5.225.011	3.878.812
Akstur	476.057	220.283
Sérfræðiþjónusta	133.716.881	224.997.411
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	2.171.212	2.526.747
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	2.126.610	7.062.792
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	14.853.125	13.254.054
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	165.462.858	260.231.860
Afnotagjöld	93.394.211	112.933.585
Leigugjöld	77.907.267	95.671.298
Notkun véla og flutningatækja	650.392	109.052
Verkkaup	65.749.124	101.741.799
Kostnaðarhlutdeild	8.960.215	10.112.537
Áhættutap og bætur	66.825	0
Tryggingar, lögboðnar	192.287	596.571
Opinber gjöld	94.335	202.921
Tapaðar kröfur	(8.340.131)	(3.881.476)
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	238.674.525	317.486.287
Annar rekstrarkostnaður samtals	468.049.808	653.607.546
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	42.342.779	39.934.136
Farartæki og vélar	467.656	1.710.724
Aðrar eignir	27.805	29.785
Niðurfærsla óefnislegra eigna	1.920.131	1.920.131
	44.758.371	43.594.776

Skýringar

	2022	2021		
8 Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður				
Bankareikningar ofl	373.630	766.963		
Ýmsar fjármunatekjur	673.843	1.795.003		
	<u>1.047.473</u>	<u>2.561.966</u>		
9 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap				
Fjármagnskostnaður	0	2.184		
Dráttarvextir	36.681	215.224		
	<u>36.681</u>	<u>217.408</u>		
	31.12.2022	31.12.2021		
10 Óefnislegar eignir				
Óefnislegar eignir	1.760.133	3.680.264		
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2022:		Hugbúnaður		
Stofnverð 01.01.2022		<u>9.600.666</u>		
		<u>9.600.666</u>		
Niðurfært 01.01.2022		5.920.402		
Niðurfærsla ársins		1.920.131		
		<u>7.840.533</u>		
Staða 31.12.2022		<u>1.760.133</u>		
	31.12.2022	31.12.2021		
11 Varanlegir rekstrarfjármunir				
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:				
Áhöld, tæki og búnaður	107.768.730	135.461.031		
Farartæki og vélar	1.636.798	5.212.110		
Aðrar eignir	10.709	38.514		
	<u>109.416.237</u>	<u>140.711.655</u>		
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:				
	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022	232.071.161	13.685.800	297.877	246.054.838
Viðbætur á árinu	19.927.018	0	0	19.927.018
Flutt á aðrar stofnanir	(26.426.037)	(9.944.550)	(118.800)	(36.489.387)
	<u>225.572.142</u>	<u>3.741.250</u>	<u>179.077</u>	<u>229.492.469</u>
Afskriftir 01.01.2022	96.610.130	8.473.690	259.363	105.343.183
Afskriftir færðar til baka vegna flutnings eigna	(21.149.497)	(6.836.894)	(118.800)	(28.105.191)
Afskrift ársins	42.342.779	467.656	27.805	42.838.240
	<u>117.803.412</u>	<u>2.104.452</u>	<u>168.368</u>	<u>120.076.232</u>
Staða 31.12.2022	<u>107.768.730</u>	<u>1.636.798</u>	<u>10.709</u>	<u>109.416.237</u>

Skýringar

12 Birgðir

Rekstrarvörubirgðir	117.748.865	88.693.258
	<u>117.748.865</u>	<u>88.693.258</u>

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til úreldingar þar sem við á.

31.12.2022 **31.12.2021**

13 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur	(47.534.429)	63.621.642
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	0	(9.195.420)
	<u>(47.534.429)</u>	<u>54.426.222</u>

31.12.2022 **31.12.2021**

14 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	183.450.057	209.583.107
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	1.403.033	30.715.469
	<u>184.853.090</u>	<u>240.298.576</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	17.871.886	33.472.466
	<u>17.871.886</u>	<u>33.472.466</u>

16 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

31.12.2022 **31.12.2021**

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	93.226.544	129.219.907
Afkoma ársins	(46.188.551)	(35.993.363)
Jöfnuður 31.12.	<u>47.037.993</u>	<u>93.226.544</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Af eigið fé stofnunarinnar eru kr. 21,8 milljónir sem eru bundið eigin fé, þ.e. ráðstöfun þess er ekki heimil nema heimild til þess verði veitt í fjárlögum.

31.12.2022 **31.12.2021**

17 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	69.716.803	128.333.464
Önnur ógreidd gjöld	0	11.540
	<u>69.716.803</u>	<u>128.345.004</u>

Skýringar

18 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	111.176.370	144.391.919
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	55.280.371	7.307.389
	<u>166.456.741</u>	<u>151.699.308</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	144.391.919	7.307.389	151.699.308
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	67.900.000	67.900.000
Bókfært verð eigna flutt á 10-661	(8.384.196)		(8.384.196)
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	19.927.018	(19.927.018)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(44.758.371)	0	(44.758.371)
	<u>111.176.370</u>	<u>55.280.371</u>	<u>166.456.741</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 43,8 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

19 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um leigu á húsnæði og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 65,0 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 61,7 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.